

SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

ÁRSSKÝRSLA

2012 – 2013

Aðalfundur 11. apríl 2013

Radisson Blu Hótel Saga



S A F

Samtök ferðapjónustunnar

www.saf.is

EFNISYFIRLIT

	<u>Bls.</u>
Ávarp formanns	3
Efnahagur og hagtölur	5
Markaðsmál - gæðamál	6
Samskipti við stjórnvöld	8
Samtök atvinnulífsins	13
Umhverfismál	13
Mennta- og fræðslumál	14
Erlent samskipti	18
Innra skipulag	20
Fundir	22
Ýmislegt	25

ÁVARP FORMANNS



Ágætu félagsmenn,

Síðastliðið starfsár Samtaka ferðaþjónustunnar var eins og fyrri ár viðburðaríkt og annasamt. Eftir að hafa átt við afleiðingar hrunsins á undanförunum árum og í framhaldi af því náttúruhamfarir vegna eldgoss í Eyjafjallajökli má segja

að á síðasta ári höfum við þurft að einbeita okkur að hamförum af mannavöldum þegar stjórnvöld settu alla ferðaþjónustuna í uppnám með því að leggja til verulegar breytingar á skattaumhverfi gistingar og bílaleiga. Um miðjan ágúst síðastliðinn bárust okkur þær fréttir úr fjölmiðlum að fjármálaráðherra hefði ákveðið að hækka virðisaukaskatt á gistingu úr 7% í 25,5% með mjög stuttum fyrirvara eða frá 1. maí á þessu ári. Fylgdi þáverandi fjármálaráðherra þessari fyrirhuguðu breytingu með einhverjum lágkúrulegasta málflutningi sem nokkur ráðherra hefur flutt gagnvart okkar grein þar sem hún taldi ferðaþjónustuna vera niðurgreidda atvinnugrein sem skilaði ekki sínu í þjóðarvíð. Í framhaldi af þessu voru síðan kynntar hugmyndir um breytingar á vörugjöldum á bílaleigubílum sem að óbreyttu hefðu gengið mjög nærri rekstri þeirra, flotinn hefði elst til muna og endurnýjun orðið helmingi minna en að var stefnt auk þess sem verð á bílaleigubílum til ferðamanna hefði þurft að hækka um þriðjung. Samtök ferðaþjónustunnar hafa sjaldan staðið frammi fyrir annarri eins ógn af hendi stjórnvalda og var því strax ákveðið að grípa til varna með því að fá færustu sérfræðinga til að gera stjórnvöldum grein fyrir því að þessar aðgerðir myndu ekki skila þjóðarvíð auknum tekjum af ferðaþjónustu heldur þvert á móti myndu tekjur dragast verulega saman. Endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki voru fengin til verksins og hleypur kostnaður samtakanna á milljónum vegna þessa en með vandaðri vinnu þeirra, starfsmanna SAF og margra félagsmanna var niðurstaðan sú að mun lengri fyrirvari er á breytingunni á virðisaukaskattinum og verður aftur tekið upp 14% þrep eins og var í gildi fyrir nokkrum árum síðan.

Breytingar á vörugjöldum á bílaleigur voru jafnframt að nokkru leyti dregnar til baka og hafði því þessi barátta þó nokkurn árangur þó auðvitað hefðum við viljað að gengið yrði lengra. Flækjustigið í virðisaukaskattkerfinu er með þessari síðustu breytingu orðið það mikið að einn reikningur til ferðamanns getur innihaldið allt að 4 mismunandi virðisaukaskattsþrep. Hér er því enn verk að vinna til að einfalda hlutina og gera kerfið markvissara.

Á undanförunum árum hefur að sama skapi verið höggvið mjög nærri innanlandsfluginu með sífelldum gjaldhækkunum. Fyrir rúmlega ári síðan voru farþegagjöld og lendingargjöld hækkuð um 70% og sáust strax áhrif þeirra á eftirspurn farþega. Þannig fækkaði farþegum um 3% á síðastliðnu ári og það sem af er þessu ári hefur farþegum fækkað um 8%. Þrátt fyrir þessa þróun ákváðu stjórnvöld að hækka enn frekar gjöldin og þann 1. apríl síðastliðinn hækkuðu farþegagjöld á Reykjavíkflugvelli um 40% og lendingargjöld á sama flugvelli um þriðjung. Hér ganga stjórnvöld áfram af því líku offorsi í gjaldtöku að fá dæmi eru um sambærilega framkomu. Það þýðir lítið að standa vörð um flugvöll í Vatnsmýrinni ef rekstrargrundvöllinum er kippt undan flugrekendum.

Í ljósi mikilla breytinga á starfsumhverfi okkar og hraðri þróun í greininni var ákveðið að efna til stefnumótunarvinnu í september síðastliðnum. Til að skapa ákveðinn grunn fyrir þá vinnu var Capacent fengið til að gera könnun meðal allra félagsmanna á starfsemi SAF og hvaða áherslur félagsmenn vilja leggja. Stjórn félagsins ásamt fagnefndum komu síðan að þessu verkefni og var unnið í heilan dag til að fara yfir helstu áhersluatriðin í greininni og stefnan endurskoðuð. Niðurstöður þessarar vinnu voru endurbætt stefna sem finna má í heild sinni á vef SAF en áhersla er lögð á eftirfarandi þætti.

- AÐRÆMI
- AÐDRÁTTARAFL
- SJÁLFBÆRNI
- ÞEKKINGU OG MENNTUN
- GÆÐI OG FAGMENNSKU
- NÝSKÖPUN
- INNVIÐI SAMFÉLAGSINS
- ÍMYND

Í framhaldi af þessari vinnu var síðan sett saman aðgerðaráætlun sem unnið er eftir.

Ísland allt árið verkefnið hefur nú verið starfrækt í á annað ár og hefur tekist ákaflega vel til. Ekki bara hefur verkefnið sem slíkt verið margverðlaunað, bæði hérlendis og erlendis, heldur hefur það sem mikilvægara er, mikil fjölgun ferðamanna yfir vetrartímam fylgt í kjölfarið. Fyrstu 2 mánuði



Stjórn SAF 2012-2013 ásamt framkvæmdastjóra. Frá vinstri: Rannveig Grétarsdóttir, Árni Gunnarsson formaður, Bergþór Karlsson, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Elin Árnadóttir, Þórir Garðarsson, Ingólfur Haraldsson og Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri SAF.

Þessa árs hefur ferðamönnum fjölgað um 35% miðað við fyrra ár og þó svo að við viljum ekki leggja eingöngu áherslu á fjölgun ferðamanna að þá er hlutfallsleg aukning í komum erlendra ferðamanna yfir vetrartímam ein af lykilforsendum þess að okkur takist að jafna betur út árstíðasveiflur í greininni og þar með bæta arðsemina. Lykilþáttur í þessu samstarfsverkefni stjórnvalda og fyrirtækja er að öll fyrirtæki innan raða Samtaka ferðaþjónustunnar taki þátt og verði með í þessu þriggja ára verkefni því án þátttöku fyrirtækjanna verður ekki framhald á þessu verkefni.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að auka þurfi við það fjármagn sem notað er til að byggja upp og viðhalda fjölsóttum ferðamannastöðum. Fyrir tæpum tveimur árum síðan voru samþykkt á Alþingi lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Fjármögnun sjóðsins átti að stærstum hluta að vera í gegnum gistináttaskatt sem ákveðið hafði verið að leggja á alla gistingu í landinu. Sú leið að skattleggja gistingu til slíkrar fjármögnunar var ítrekað varað við á vettvangi SAF og voru stjórnvöld hvött til að leita annarra leiða við fjármögnun enda hefur komið í ljós að heimtur eru mun minni en gert var ráð fyrir í upphafi. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að setja 500 milljónir á ári til næstu þriggja ára til að fjármagna sjóðinn og er þar um tíföldun að ræða frá framlögum sem farið hafa í þennan málaflökk á undanförunum árum og er það mikið fagnaðarefni. Í samhengi við þetta er eðlilegt að fram fari endurskoðun á áður nefndum gistináttaskatti enda er hann flókinn í innheimtu og skilar litlu miðað við kostnað við álagningu.

Aðrar leiðir til fjármögnunar á framkvæmdum við fjölsótta ferðamannastaði hafa mikið verið í umræðunni og eru ýmsar hugmyndir á lofti en þó telja flestir að nálgast þurfi

verkefnið með það í huga að þeir sem fari á staðina borgi fyrir notkunina. Á sama tíma þarf að huga að hagkvæmni innheimtunnar þannig að ekki fari of mikið af tekjunum í hana. Ein leið sem mikið hefur verið rædd er upptaka náttúrurpassa. Slíkur passi gæti gilt fyrir mismunandi stór svæði landsins en jafnframt náð yfir þjóðgarðana. Til viðbótar við slíka fjármögnun má sjá fyrir sér aukna gjalddöku fyrir ákveðna þjónustu, svo sem bílastæðagjöld, en það hefur ekki þekkt hingað til að slík gjöld séu innheimt við ferðamannastaði þrátt fyrir að það sé þekkt og tiltölulega einföld leið.

Fyrir um ári síðan var ákveðið í samstarfi við stjórnvöld að skrifa sögu ferðaþjónustunnar. Ritnefnd var fengin til að halda utan um verkið og í framhaldi af því tveir alvanir söguritarar ráðnir til að skrifa söguna en það eru þær Sigurveig Jónsdóttir og Helga Guðrún Johnson. Eðli málsins samkvæmt tekur það nokkurn tíma að taka svona verk saman en vonast er til að í lok næsta árs verði verkið full unnið. Það er mikið fagnaðarefni að þetta verk sé komið svona vel af stað enda saga ferðaþjónustunnar orðin nokkuð viðamikil þó hún sé ekki mjög löng.

Ágætu félagar það eru mörg verkin sem unnin hafa verið á síðastliðnu starfsári sem ekki verða öll talin upp hér en starfsemi félagasamtaka eins og SAF byggir á mikilli vinnu fjölda félagsmanna sem leggja hönd á plóg af mikilli óserhlífni. Einungis þannig byggjum við upp öflug samtök sem hafa sterka rödd út á við í samfélaginu og efla ferðaþjónustuna sem gildandi atvinnugrein.

Árni Gunnarsson


EFNAHAGUR OG HAGTÖLUR

Ef litið er til atvinnulífsins í heild þá er það mat stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins að aðstæður hafi almennt farið versnandi og gildir það sama um horfur fyrir árið 2013. Ýmislegt stendur atvinnulífinu fyrir þrífum s.s. gjaldeyrishöft, ónógar fjárfestingar, stöðugar skattahækkningar og skattkerfi sem er orðið mjög flókið og gerir fyrirtækjunum erfitt fyrir auk þess sem hagvöxtur stendur ekki undir væntingum. Ferðaþjónustan hefur þó víða gengið ágætlega með mikilli fjölgun ferðamanna, sérstaklega yfir vetrartímum, þótt það séu ekki allir að njóta þeirrar aukningar. Ferðalög í heiminum jukust um 4% árið 2012 og fór fjöldinn í fyrsta skipti yfir 1 milljarð ferða og er gert ráð fyrir svipaðri aukningu á þessu ári. Efnahagsástandið í Evrópu virðist ekki hafa haft áhrif hér á landi enn sem komið er en það er jafnan áhyggjuefni ef illa árar í helstu viðskiptalöndum. Gengislækkun krónunnar í kjölfar hrunsins árið 2008 hækkaði skuldir fyrirtækja í ferðaþjónustu verulega og jók kostnað en hún jók kaupmátt erlendra ferðamanna mikið á móti. Ferðaþjónustan er ein þriggja meginstoða í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og mun íslenskt efnahagslíf treysta í síauknum mæli á hana í framtíðinni. Það er grundvallaratriði að auka viðskiptin yfir veturinn og aðeins þannig mun arðsemi fyrirtækjanna aukast en unnið er að því með verkefninu ÍSLAND ALLT ÁRIÐ. Markmiðið með verkefninu er að fjölga erlendum ferðamönnum yfir veturinn (september-apríl) árin 2011-2014 um 100 þúsund. Nú þegar hefur þeirri aukningu verið náð. Í skýrslu McKinsey síðla árs 2012 er bent á að framleiðni vinnuafls hér á landi sé 20% lakari en í nágrannalöndum okkar. Bent er á nauðsyn þess að auka tekjur pr. ferðamann og jafna árstíðasveifluna. Það er því brýnast að verðmætasköpun aukist í þjóðfélaginu með aukinni framleiðni, auknum tekjum pr. ferðamann, sköttum verði stillt í hof, gengi krónunnar haldist stöðugt og gjaldeyrishöft verði afumin. Ríkisstjórnin hefur hækkað skatta á flestar greinar ferðaþjónustunnar þótt víða hafi verið dregið úr upphaflegum hugmyndum vegna harkalegra viðbragða frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Erlendir gestir til landsins

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög mikil síðustu tvö árin eftir að hafa staðið í stað á meðan mestu efnahagsþrengingarnar stóðu yfir í þrjú ár þar á undan. Árið 2012 komu 659.700 erlendir gestir til landsins og nemur fjölgunin 19% frá fyrra ári. Langmesta aukningin var frá Bretlandi en þeim fjölgaði um 27 þús. manns eða 40%. Bandaríkjamenn voru fjölmennastir en þar næst komu Bretar, Þjóðverjar og Norðmenn. 96.2% gestanna komu til Keflavíkurflugvallar en aðrir komu til annarra flugvalla innanlands eða til Seyðisfjarðar með



Fjöldi ferðamanna 2003-2012




Norrænu. Hlutfall erlendra ferðamanna utan háannar er að aukast eins og stöðugt er unnið að enda meginmarkmið markaðsherferðarinnar Ísland allt árið.

Farþegar með skemmtiferðaskipum voru 92 þúsund árið 2012 og komu með 81 skipi. Farþegar voru 46,7% fleiri en á árinu 2011 þegar þeir voru tæplega 63 þúsund talsins. Um 95% skemmtiferðaskipa til landsins hafa viðkomu í Reykjavík.

Það ríkir áfram bjartsýni hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. Áfangastöðum er að fjölga og sætaframboð eykst auk þess sem Ísland allt árið heldur áfram inn í 3ja starfsárið. Fyrstu tvo mánuði ársins 2013 hafa rúmlega 73 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu sem er 35.5 prósentu aukning frá árinu áður. Um 49% aukning hefur verið í brottförum Breta og 32% í brottförum Bandaríkjamanna. SAF hafa löngum bent á að markmiðið er ekki að fjölga ferðamönnum sem mest heldur að hámarka arðsemi greinarinnar en þetta eru eigi að síður fróðlegar upplýsingar um þróun í komum hinna ýmsu þjóðerna hingað til lands.



Hlutfall gjaldeyristekna í útflutningsgreinum



Ferðaþjónustureikningar

Ferðaþjónustureikningar Hagstofu Íslands (Tourism Satellite Account) voru síðast birtir árið 2011 en hlutverk þeirra er að meta efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúskapinn. Hagstofan gaf það út á síðasta ári að sökum fjárskorts yrðu Ferðaþjónustureikningar ekki gefnir út framar. Fulltrúar SAF hafa átt í viðræðum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Hagstofuna vegna þess og mótmælt þeirri ákvörðun harðlega. Viðræður standa yfir og hefur ráðherra lýst því yfir að haldið verði áfram að gefa þá út en ekki er ljóst hvenær. Gjald-eyristekjur ferðaþjónustunnar voru 180 milljarðar árið 2011 sem taldist 19% af heildargjald-eyristekjum og er ferðaþjónustan þar í þriðja sæti á eftir sjávarútvegi og stóriðju en báðar þær greinar af ca. 26% gjald-eyristekna.

Gistinætur og gistitekjur

Heildarfjöldi gistinátta árið 2012 var 3.7 milljónir, u.þ.b. 16% aukning frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru u.þ.b. 75% af heildarfjöldanum. Engar upplýsingar liggja enn fyrir frá Hagstofu Íslands um hvernig gistinæturnar skiptust á þjóðerni. 72% gistinátta voru á hótélum og gistiheimilum, 13% á tjaldstæðum og 6% hjá farfuglaheimilum. Aðeins eru tiltækar hjá Hagstofu Íslands upplýsingar um gistinætur hótela, sem eru opin allt árið, frá janúarmánuði á árinu 2012 en þær voru 90.300 og fjölgaði um 25% frá janúar í fyrra. SAF hafa lagt áherslu á að hagtölur þurfa að berast mun fyrr en þær gera núna og er jafnframt bent á mikinn fjölda leyfislausra gististaða og krefjast meiri aga og aðhalds m.a til þess að hagtölur á Íslandi séu réttar.

MARKAÐSMÁL – GÆÐAMÁL

Íslandsstofa

Íslandsstofa hefur verið starfrækt síðan í júní 2010 en með tilkomu hennar er nú öll kynning á íslenskum vörum og þjónustu komin undir einn hatt. Í lögunum segir að markmið Íslandsstofu sé að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Markaðsverkefni Ferðamálastofu og iðnaðarráðuneytis erlendis voru flutt til Íslandsstofu við stofnun hennar. Mikil samskipti eru milli SAF og Íslandsstofu, ekki síst vegna verkefnisins Ísland allt árið.

Fagráð Íslandsstofu

Innan Íslandsstofu eru starfandi fagráð fyrir ýmsar atvinnugreinar t.d. fagráð um áherslur í markaðs- og kynningarmálum erlendis á sviði ferðaþjónustu. Fagráðinu er ætlað að vera faglegt bakland fyrir stjórn Íslandsstofu um málefni ferðaþjónustunnar og langtíma stefnumótun. Í fagráðinu eru 11 manns og þar af 6 félagsmenn SAF þ.m.t. þeir sem skipa markaðsráð SAF.



Ísland allt árið.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ

Verkefnið Ísland allt árið er þriggja ára markaðsverkefni sem hófst haustið 2011 og er stærsta verkefni sem íslensk ferðapjónusta og stjórnvöld hafa sameinast um en það er að stórauka vetrarferðapjónustu um land allt. Byggt er á hugmyndafræði og ímynd „Inspired by Iceland“ enda hafði sú auglýsingaherferð vakið mikla athygli og unnið til alþjóðlegra verðlauna. Samstarfsaðilar að verkefninu eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök ferðapjónustunnar, Icelandair, Isavia, Landsbankinn, Ráðstefnuborgarinnar Reykjavík og Samtök verslunar- og þjónustu. Tilgangur verkefnisins er að jafna árstíðasveifluna og auka þar með nýtingu fjárfestinga og fá þannig meiri arðsemi inn í ferðapjónustuna. Aukin arðsemi fyrirtækjanna er forsenda þess að fyrirtækin geti stundað vöruþróun, fræðslu- og gæðastarf og öfluga markaðssetningu auk þess sem hún leiðir til fleiri heilsársstarfa og betra jafnvægis. Áður en verkefnið fór af stað árið 2011 hafði farið fram mikið undirbúningsstarf hjá SAF, fólk fengið frá öðrum löndum til að halda fyrirlestra, farið var í stefnumótun, greiningarhópur undir stjórn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands safnaði gögnum sem til eru um vetrarferðapjónustu á Íslandi og gerðu könnun meðal fyrirtækja, hópur undir stjórn Íslandsstofu aflaði gagna frá fjórum viðmiðunarlöndum, Noregi, Finnlandi, Kanada og Nýja Sjálandi en SAF fjármagnaði það verkefni. Markmiðið var að bera saman samkeppnisfærni Íslands gagnvart þessum löndum á sviði vetrarferðapjónustu og skoða hvernig þau starfa. Í lok ágúst komu út skýrslur um alla þessa vinnu og eru þær á heimasíðu SAF. Markaðsátakið er rekið af Íslandsstofu og er umsjón með verkefninu á hendi sérstakrar stjórnar þar sem aðilar að samningnum eiga sæti. SAF á þar fulltrúa fyrir hönd félagsmanna sinna.

Árangurinn

Upphaflegt markmið verkefnisins var m.a. að fjölga ferðamönnum utan háannar um 100.000 frá september

2011 til september 2014 eða um 12% á ári og styrkja ímynd Íslands sem áfangastað ferðamanna allt árið um kring. Á fyrsta vetri verkefnisins (september til apríl) fjölgaði ferðamönnum um rúmlega 40 þúsund og nú á öðrum vetri (september til febrúar) hefur markmiðinu verið náð. Það er því ljóst að markmiðið er að nást á tæpum tveimur árum í stað þremur.

Framgangur

Unnið hefur verið samfellt markaðsstarf í samræmi við tilgang og markmið verkefnisins frá upphafi og eru þátttakendur upplýstir með bæði fundum og áfangaskýrslum. Vefurinn www.inspiredbyiceland.com er í raun hjarta verkefnisins og inniheldur upplýsingar um það sem er í gangi hverju sinni auk þess að þar getur fólk lesið ógrynni af sögum sem ferðamenn deila þar með öðrum. Þar eru þátttakendur kynntir. Aukning heimsóknna inn á vefinn hefur verið mjög mikil.

Nýsköpunarverðlaun SAF



Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, ásamt Árna Gunnarsyni, formanni SAF, og vinningshöfunum Hannesi Páli Pálssyni, Birnu Hrönn Björnsdóttur og Evu Maríu Þórarinsdóttur.

Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðapjónustunnar 2012 voru afhent á Grand Hótel Reykjavík 15. nóvember sl.. Ferðaskipuleggjendurnir Pink Iceland hlutu verðlaunin að þessu sinni en þetta er í níunda sinn sem samtökin veita verðlaunin. Pink Iceland er ferðapjónusta sem sérhæfir sig í að þjónusta samkynhneigða ferðalanga sem vilja koma til Íslands. Í rökstuðningi dómnefndar segir að eftirfarandi hafi einkum legið til grundvallar ákvörðun dómnefndar: „Nú þegar gestum til landsins fjölga sem aldrei fyrr er bæði mikilvægt og skynsamlegt að dreifa þessum gestafjölda yfir landið og árið. Forsenda þess að það sé hægt er að greina þann hóp betur



sem til landsins sækir, væntingar hans og þarfir, og ekki síst hluta hann niður eftir þessari greiningu. Með vandaðri markaðshlutun og faglegrri markaðssetningu sem nýtir sér niðurstöður hennar verður hægt að skapa nýjar vörur sem nýta sér nýjar og jafnvel áður óþekktar auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu.“



Ferðaskrifstofunefnd SAF 2012-2013. F.v: Elín S. Sigurðardóttir, Þorsteinn Guðjónsson, Erna Hauksdóttir, Þráinn Vigfússon, Anna Katrín Hreinsdóttir og Unnur Svavarsdóttir.

Ferðamálaráð

Í lögum um skipan ferðamála er kveðið á um 10 manna ferðamálaráð sem hefur það verkefni að gera tillögur til ferðamálaráðherra um markaðs- og kynningarmál. Jafnframt skal ráðið vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálaum o.fl. Samtök ferðaþjónustunnar eiga 3 fulltrúa í ferðamálaráði og eru þeir Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson og Sævar Skaptason. Í tengslum við endurskoðun laga um skipan ferðamála er nú fjallað um framtíð ferðamálaráðs m.a. í ljósi þess að markaðsmál erlendis hafa verið flutt frá Ferðamálastofu til Íslandsstofu.

Gæða- og umhverfiskerfið VAKINN



Merki Vakans.

Stöðugt er unnið að því að ljúka gerð VAKANS en honum var formlega hleypt af stokkum 28. febrúar 2012 og var heimasíða kerfisins tekin í notkun við sama tilefni. Verkefni þetta er unnið í náinni samvinnu SAF, Ferðamálastofu, Ferðamála-samtaka Íslands og Nýsköpunar-

miðstöðvar Íslands enda mikilvægt að breið samstaða skapist um svo mikilvægt mál. Ferðamálastofa stýrir verkefninu. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, á sæti í stýrihópnum. Nú þegar hafa 8 fyrirtæki fengið flokkun en 46 fyrirtæki eru í úttekt. Gert er ráð fyrir að viðmið fyrir gististaði verði tilbúin síðar á árinu 2013 en þar mun tekið mið af Hotelstars kerfinu í Evrópu. Enn-

fremur er unnið að sérákvæðum fyrir veitingastaði en það eru engir veitingastaðir flokkaðir í Qualmark kerfinu sem lagt er til grundvallar.

Úrskurðarnefnd SAF og Neytenda-samtakanna

Starfandi er úrskurðarnefnd SAF og Neytenda-samtakanna sem tekur fyrir mál ferðaþjónustunnar. Neytendalöggjöf er sífellt að verða strangari og nauðsynlegt að fyrirtækin taki tillit til þess í starfsemi sinni. Ísland á aðild að fjölþjóðlegum samningum um neytendavernd og geta einstaklingar, sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni, leitað til úrskurðarnefnda í heimalandi sínu sem sendir málið áfram til úrskurðarnefndar hér á landi. Erna Hauksdóttir er fulltrúi SAF í úrskurðarnefndinni.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Virðisaukaskattur á gistingu

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7% í 25.5% frá og með 1. maí 2013. Fréttir af þessum tillögum láku í fjölmiðla en ekkert samráð var haft við SAF



Erna Hauksdóttir kynnir áhrif virðisaukaskattshækkunar á gistingu á Vestnorden ferðakaupstefnunni.

vegna þessa. Stjórn SAF, í samráði við gististaðanefnd, ákvað strax að setja mikla vinnu í gang við að hindra að þessi gríðarlega hækkun tæki gildi. Samið var við KPMG um að gera könnun á afkomu gististaðanna og meta áhrif þessarar hækkunar en fyrirtækið hafði sjálft hafið umfjöllun um þessa skattahækkun. Auk þess fór mikið

kynningarstarf af stað af hálfu SAF, ekki síst fyrir þingmenn og fjölmiðla. Tækifærið var notað á Vest Norden í október 2012, bréf um skattamálið var afhent öllum kaupendum og viðtöl tekin á myndband við nokkra kaupendur um áhrif hækkunarinnar. Þau voru síðan send til þingmanna. Fulltrúar SAF héldu fundi með þingflokki, þingnefndum og ráðherrum til að fjalla um þau miklu áhrif sem hækkun sem þessi hefði. Fjármálaráðherra setti á laggirnar starfshóp sem fékk það verkefni að meta áhrif hækkunar virðisaukaskatts á gistingu, ræða um leyfismál, svarta atvinnustarfsemi o.fl. og var umfjöllun um vörugjaldaþækkun bílaleiganna bætt við þegar sú tillaga var lögð fram. Í þessum starfshópi voru af hálfu SAF Kristófer Oliverson, Erna Hauksdóttir, og Bergþór Karlsson. Alexander Eðvarðsson hjá KPMG starfaði með hópnum að ósk SAF. Í starfshópnum var skýrsla frá KPMG lögð fram af hálfu SAF en fjármálaráðuneytið lagði fram umbeðna skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Auk þess að ræða um áhrif skattahækkana lögðu fulltrúar SAF ofuráherslu á að tekið yrði harkalega á leyfamálum og svartri atvinnustarfsemi. Baráttan endaði með því að lög voru samþykkt sem kváðu á um 14% virðisaukaskatt á gistingu sem tæki gildi 1. september 2013.

Vörugjöld á bílaleigubíla hækkun



Bílaleigumenn fjalla um hækkun á vörugjöldum á fundi hjá SAF.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að afsláttur af vörugjöldum á bílaleigubíla yrði afnuminn í tveimur áföngum og átti fyrri áfanginn að taka gildi árið 2013. SAF og bílaleigur innan SAF mótmæltu þessu og unnu þær mjög ótult starf í að kynna aðrar leiðir fyrir þingmönnum og gengu þær að mestu út á að greidd yrðu hærri leyfisgjöld og akstursgjaldyrði innheimt af öllum bílaleigusamningum. Niðurstaðan varð sú að fallið var frá áformum um

afnám vörugjaldaafsláttar en hann var lækkaður og ákveðið að innleiða gjald fyrir bílaleigur sem nýta sér afsláttinn. Einnig var ákveðið að framlengja ákvæði sem veitir bílaleigum heimild til að selja hluta af flota sínum eftir 6 mánuði í stað 15 mánaða. Þær breytingar sem ákveðnar voru eru áætlaðar skila sömu tekjum í ríkissjóð og upphaflega var gert ráð fyrir með afnámi vörugjaldaafsláttarins.



Gististaðanefnd SAF 2012-2013. F.v.: Frode Jansson, Auður Ingólfsdóttir, Erna Hauksdóttir, Steinþór Jónsson, Markús Einarsson, Snorri Valsson og Gunnar Valur Sveinsson.

Gistináttaskattur

Mikil óánægja hefur verið með innheimtu gistináttaskatts sem tók gildi 2011. Greiða skal kr. 100 af hverri gistináttaeiningu og rennur 3/5 hluti gjaldsins til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en 2/5 til Þjóðgarða og friðlýstra svæða. Því var strax harðlega mótmælt að gjaldið rynni ekki óskipt í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Meginrök SAF gegn skattinum var að hann væri illframkvæmanlegur, skattstofninn óljós og ljóst að hann myndi kynda undir svarta atvinnustarfsemi. SAF hafa bent á að enginn telur sig eiga að hafa eftirlit með leyfislausri starfsemi og hafa samtökin sýnt fram á slæma stöðu þeirra mála. Innheimtan er mjög kostnaðarsöm og hefur ríkisskattstjóri tekið undir það. Lögin mismuna með því að verkalýðsfélögin, sem reka mikinn fjölda gististaða. Í upphafi árs 2013 kom í ljós að aðeins um helmingur skattsins hafði innheimst fyrir árið 2012 og er flestum að verða ljóst að það voru mistök að setja þennan skatt á.

Samkeppni við leyfislaus fyrirtæki og svarta markaðinn

Miklar umræður hafa verið um svarta atvinnustarfsemi á starfsárinu og tengist hún ekki síst gríðarlegum fjölda leyfislausra gististaða í Reykjavík. Samtökin hafa gert leit að slíkum stöðum og komið niðurstöðum á framfæri



en það er ekki verið að takast á við vandamálið að neinu gagni og óþolandi fyrir heiðarleg fyrirtæki að eiga í samkeppni við slík fyrirtæki. Samtök atvinnulífsins hafa ásamt ASÍ og RSK farið í mikla herferð við að finna óskráð starfsfólk í fyrirtækjum og hafa haldið úti miklu eftirliti með vinnustaðaskírteinum. Það varð mikil umræða um málið í tengslum við tillögurnar um stórhækkun skatta á gistinguna og í upphafi ársins 2013 áttu fulltrúar SAF fundi með bæði fjármálaráðherra og innanríkisráðherra þar sem þess var krafist að nú þegar yrði hafist handa við að gefa leyfislausum fyrirtækjum skilaboð um að sækja um leyfi og fara að skattalögum eða stöðunum yrði lokað. Að kröfu SAF var í kjölfarið settur starfshópur í málið þar sem sæti eiga fulltrúar frá ráðuneytunum, SAF og Ríkisskattstjóra.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hóf störf árið 2011 en með stofnun hans skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum og framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna. Tvisvar hefur verið úthlutað úr sjóðnum, árið 2012 var úthlutað 69 milljónum, í janúar 2013 var úthlutað 120 milljónum og nú er verið að fara yfir umsóknir vegna 500 milljóna framlags af fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Í stjórn sjóðsins eru fjórir fulltrúar, þar af tveir frá Samtökum ferðapjónustunnar. Miklar umræður hafa verið á starfsárinu hvernig fjármagna beri viðhald og verndun ferðamannastaða í framtíðinni og setti stjórn SAF starfshóp í málið. Það er þó ljóst að ekki eru allir á eitt sáttir svo umræðan heldur áfram.

Leiðbeinandi reglur um öryggismál

Á starfsárinu hefur hópur undir forystu Ferðamálastofu unnið að undirbúningi reglugerðar um öryggismál í ferðapjónustu og þekkingu starfsmanna á því sviði. Reglugerðin átti byggja á lagastoð í frumvarpi til laga um skipan ferðamála sem verið hefur til umfjöllunar á Alþingi. Óvissa er um framvindu frumvarpsins og hefur því verið ákveðið að starfshópurinn ljúki sínu starfi og að Ferðamálastofa gefi út leiðbeinandi reglur um öryggismál. Reglurnar eru í samræmi við kröfur VAKANS um öryggismál en eru einnig leiðbeinandi fyrir ferðapjónustuaðila um þær kröfur sem gerðar eru um þekkingu starfsmanna við mismunandi aðstæður.

Skortur á kjöti

Veitinganefnd SAF hefur vakið athygli á kjötskorti sem sumir veitingamenn hafa kvartað yfir og á það bæði við um ákveðna hluta nautakjöts og lambakjöts. Á starfsárinu bauð nefndin fulltrúum Bændasamtakanna, Landssambands kúabænda og Landssambands sauðfjårbænda í heimsókn til að ræða bæði skort á kjöti og



Gunnar Valur fjallar um aðgengi veitingamanna að íslensku hráefni á haustfundi SAF.

gæðamál. Í máli fulltrúa kúabænda kom fram að framleiðsla á íslensku kjöti hefði verið rúm 4.000 tonn árið 2012 og innflutningur um 220 tonn og er það smávægileg aukning frá árinu 2011. Rætt var um gæðamál og geymsluaðferðir og kom fram að verið er að þróa gæðamerkingar og reglugerðir í samræmi við EUROP staðal. Ný flokkun gefur veitingamönnum tækifæri á að senda skýrari skilaboð. Rætt var um hvort veitingamenn gætu haft aðkomu að reglugerðavinnu til að gæta hagsmuna neytenda. Að sögn fulltrúa kúabænda er ekki hægt að anna eftirspurn eftir nautakjöti og það er ekki fyrirsjáanlegt. Varðandi sauðfé kom fram að bændur hafi vitað af skorti á afurðum árið 2011 en ekki talið skort vera til staðar árið 2012 eins og könnun, sem SAF gerði meðal veitingamanna, hefur þó gefið til kynna. Fulltrúar SAF hafa á starfsárinu átt fund með fulltrúum land-



Veitinganefnd SAF 2012-2013. F.v.: Brynhildur Kristjánsdóttir, Kristján Sígússon, Erna Hauksdóttir, Hörður Sigurjónsson, Gunnar Valur Sveinsson, Friðgeir Ingi Eiríksson og Bjarki Hilmarsson. Á myndina vantar Hlyn S. Jakobsson.



Bílaleigunefnd SAF 2012-2013. F.v. í neðri röð: Margeir Vilhjálmsson, Bergþór Karlsson og Þorsteinn Þorgeirsson. Efri röð f.v.: Sigurður Smári Gylfason varamaður, Sigurður Berndsen sérfræðingur, Sigurður Gunnarsson, Pálmi V. Snorrason sérfræðingur og Gunnar Valur Sveinsson. Á myndina vantar Hendrik Berndsen, og Guðmund Sigurðsson, varamann.

búnaðarráðherra um kjötskort en mörg dæmi eru um að veitingastaðir hafi þurft að taka rétti af matseðli vegna skorts á nauta- og lambakjöti. Samtökin eru í viðræðum við önnur atvinnu- og rekendasamtök um málið en verslanir hafa búið við hið sama. Á aðalfundi SAF 2011 var samin ályktun um þetta vandamál en það hefur ekki verið vilji í landbúnaðarráðuneytinu að taka á þessu máli. Veitingamenn vilja fyrst og fremst íslenskt gæðahræfni en ef það er ekki til staðar þarf að vera ásættanleg leið til að flytja inn það sem á vantar.

Endurmenntun bílstjóra

Fulltrúar vinnumarkaðarins hafa átt í samræðum við stjórnvöld um innleiðingu tilskipunar ESB um endurmenntun bílstjóra. Fulltrúar atvinnulífsins hafa ekki talið þörf á að taka upp tilskipunina hér á landi en vilji innanríkisráðherra hefur verið að innleiða tilskipunina með sem mildustum hætti fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem uppfyllta þarf ákvæði EES samningsins. Að svo stöddu hefur verið ákveðið að 35 tíma endurmenntun megi dreifa á fimm ár, án prófa, og að 7 tíma lotu megi skipta í tvennt. Einnig hefur verið ákveðið að fleiri aðilar en ökuskólar geti sinnt endurmenntuninni og að hún geti farið fram í fjarnámi. Enn á eftir að útkljá tímamörk tilskipunarinnar, þ.e. hvenær atvinnubílstjórar þurfa að hafa lokið fyrstu endurmenntun.

Lög um farþegaflutninga í atvinnuskyni

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um fólks- og farmflutninga en stefnt er að því að skipta lögnum upp, annars vegar í lög um farþegaflutninga í atvinnu-

skyni og hins vegar lög um landflutninga. Talsverðar umræður hafa verið um farþegaflutningana og ber þar helst að nefna farþegaflutninga til og frá Keflavíkurflugvelli og einnig skipulagðar ferðir skv. tímatöflu þar sem ferðamenn fá meiri þjónustu en tíðkast í almenningssamgöngum. Flest bendir til að þær ábendingar sem ferðaðþjónustan hefur komið með hljóti hljómgrunn meðal stjórnvalda og að lögin taki mið af þörfum ferðaðþjónustunnar.

Innanlandsflug

Í skoðanakönnun sem gerð var af Capacent Gallup meðal félagsmanna Samtaka ferðaðþjónustunnar í september 2012 kemur fram að 71% þeirra félagsmanna sem tóku afstöðu vilja hafa höfuðstöðvar innanlandsflugsins í Reykjavík frekar en í Keflavík. Könnunin staðfesti vilja ferðaðþjónustunnar í þessum efnum en áður hefur



Flugnefnd SAF 2012-2013. F.v.: Leifur Hallgrímsson, Lárus Atlason, Erna Hauksdóttir, Hörður Guðmundsson, Einar Björnsson Hilmar B. Baldursson og Björn Óli Hauksson (gestur).

komið fram í könnunum að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera á Reykjavíkurflugvelli. Samtökin hafa á starfsárinu beint því til ráðamanna, hvort sem er á Alþingi eða borgarstjórn, að tryggja að umgjörð innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli verði með viðunandi hætti. Í fyrsta lagi þarf að vinna að varanlegu samkomulagi milli ríkis og borgar um flugvöll í Reykjavík, stöðugar deilur um framtíð flugvallarins eru ekki bjóðandi heldur þarf að vinna að sátt um starfsemina. Lögð hefur verið áhersla á að innanlandsflug á Íslandi sé almenningssamgöngur. Samtök ferðaðþjónustunnar hafa mótmælt harðlega gegndarlausum hækkunum gjalda á innanlandsflug sem leitt hafa til samdráttar í eftirspurn. ISAVIA reiknar með að lágmarki 6% fækkun farþega í innanlandsflugi á þessu ári.



Hvalaskoðunarfyritæki kynnir starfsemi sína á Vestnorden ferðakaupstefnunni sl. haust.

Loftferðasamningar

Flugnefnd SAF hefur lagt mikla áherslu á fjölgun loftferðasamninga. Bent er á tækifæri til loftferðasamninga þegar viðræður eru um aðra tvíhliða samninga við hin ýmsu ríki enda hafa flugfélög tapað viðskiptum vegna skorts á loftferðasamningum. Menn eru samála um að mikið átak hafi verið gert í þessum málum síðustu árin. Það er stefna flugfélaganna innan SAF að



Hópbifreiðanefnd SAF 2012-2013. F.v.: Haraldur Teitsson, Gunnar Valur Sveinsson, Rúnar Garðarsson, Agnar Danielsson, Sigurður Reynisson og Finnþogi Ómarsson.



Afþreyingarnefnd SAF 2012 - 2013. F.v.: Steinunn Guðbjörnsdóttir, Torfi G. Yngvason, Erna Hauksdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Edda Gísladóttir, Vignir Sigursveinsson og Eva María Þórarinsdóttir.

best sé að hafa sem flesta loftferðasamninga því aukin réttindi gefi meiri vaxtarmöguleika. Þess er þó krafist að þeir séu gagnkvæmir.

Vetrarstýrisspjald

Samtök ferðapjónustunnar og Umferðarstofa hafa á undanförunum árum hannað og gefið út stýrisspjald sem hengd hafa verið á stýri bílaleigubíla yfir sumartímenn. Með vaxandi fjölda ferðamanna yfir vetrartímenn hefur skapast þörf fyrir að útbúa sérstakt stýrisspjald sem kynnir erlendum öikumönnum vetraraðstæður á vegum landsins en þær eru eðlilega mjög frábrugðnar því sem gerist á sumrin. Samtök ferðapjónustunnar og Umferðarstofa hönnuðu og gáfu út á starfsárinu nýtt vetrarstýrisspjald sem veitir erlendum öikumönnum upplýsingar um vetraraðstæður þar sem áhersla er lögð á að ferðamenn á bílaleigubílum athugi færð vega og veðuraðstæður áður en lagt er af stað í bílferð. Einnig eru á stýrisspjaldinu m.a. upplýsingar um vindasama staði, hreindýrasvæði, heiðar sem geta verið erfiðar yfirferðar og skilti sem erlendir öikumenn þekkja ekki.

Hvalaskoðun - hvalveiðar

SAF hafa ítrekað óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að tillit sé tekið til hvalaskoðunarfyritækja og að mörkuð séu svæði fyrir hvalaskoðunarbáta en slík svæði gæfu bátunum tækifæri á að stunda starfsemi sína án truflana frá hvalveiðum. Nú hefur atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið skipað nefnd um stefnumótun vegna löggjafar á sviði sjávarspendýra sem er fagnaðarefni. Nefndin mun m.a. fara yfir þessi mál. Fulltrúi SAF í nefndinni er Vignir Sigursveinsson hjá Eldingu.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS (SA)

Samtök ferðapjónustunnar eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins. Aðild að SA eiga 7 samtök; Samtök ferðapjónustunnar, Samtök iðnaðarins, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök fjármálafyrirtækja og Samorka. Öll samtökin nema Samorka hafa höfuðstöðvar sínar í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35. Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs og eru helstu áherslur í starfi efnahags- og kjaramála, Evrópumála, samkeppnismála, umhverfismála og önnur þau mál sem stjórn og aðildarsamtök telja árangursríkast að sinna á sameiginlegum vettvangi. Hjá SA fá félagsmenn margháttaða sérfræðiaðstoð s.s. við starfsmannamál. Vinnumarkaðsvefur SA, sem félagsmenn hafa aðgang að, gefur mjög fjölbreyttar upplýsingar um allt sem lýtur að vinnumarkaðsmálum. Fulltrúar SAF starfa með lögfræðingum SA við gerð kjarasamninga. Í gangi er starf sem miðar að hugsanlegri sameiningu SA og Viðskiptaráðs Íslands.

SAF eiga 2 fulltrúa í 20 manna stjórn SA, Árna Gunnarsson og Grím Sæmundsen. SAF eiga einnig 10 fulltrúa í 100 manna fulltrúaráði.

UMHVERFISMÁL

Innan SAF er starfandi umhverfisnefnd sem skipuð er af stjórn. Nefndin hefur fyrst og fremst unnið að stefnu SAF varðandi Rammaáætlun og önnur þau málefni sem snerta umgengni við náttúruna s.s. landnýtingaráætlun.

Rammaáætlun

Lög um vernd og orkunýtingu voru naumlega samþykkt á Alþingi. Ljóst er að ekki náðist þverpólísk samstaða um málið og því viðbúið að umræður um Rammaáætlun verði teknar upp að nýju á næsta kjörtímabili. SAF gerðu athugasemdir og töldu að vernda ætti 17 af þeim 80 virkjanakostum sem til umræðu voru og áttu annaðhvort að fara í nýtingu eða bið. Niðurstaðan varð sú að flestir kostirnir eru áfram í bið en Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun voru fluttar úr nýtingu í biðflokk og Hvervellir voru fluttar úr biðflokk í verndarflokk. Verndun á Sveifluhálsi fékk ekki brautargengi en það svæði er gríðarlega mikilvægt útivistarsvæði í nágrenni Reykjavíkur.

Lög um náttúruvernd

Frumvarp til laga um náttúruvernd var einnig mikið rætt á vettvangi SAF en í þeim ber hæst að nefna almannarétt og utanvegaakstur þegar kemur að ferðapjónustu. SAF lögðu í umsögn sinni mikla áherslu á að atvinnustarfsemi yrði á sama stalli og ferðir á eigin vegum þegar kemur að almannarétti. Einnig ítrekuðu SAF mikilvægi þess að kortagrunnur á forræði Landmælinga, með mögulegum hringakstri í öllum landshlutum og skýrum skilgreiningum, væri forsenda þess að koma betri böndum á utanvegaakstur.

Gæði þjónustu og umhverfi ferðamanna

Á starfsárinu ræddi umhverfisnefnd einnig um siðareglur og siðasáttmála en það er verkefni sem áhugi er fyrir að tengja betur inn í SAF. Ástand ferðamannastaða og aðgerðir til úrbóta er einnig mál sem mikið hefur verið rætt í umhverfisnefnd SAF en nú hafa stjórnvöld sett talsvert fjármagn í þennan málaflökk og verður fróðlegt að sjá hver framvindan verður á næsta starfsári.

Almannaréttur

Fulltrúar SAF áttu fund með umhverfisráðherra 7. maí s.l. og ræddu um tvö mikilvæg mál, almannarétt og



Umhverfisnefnd SAF 2012 - 2013. F.v.: Ásta Kristín Þorsteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Einar Torfi Finnsson, Páll Gíslason, Berglind Víktorsdóttir og Sveinn Rúnar Traustason (gestur).

ástandið á fjölsóttum ferðamannastöðum. Urðu miklar umræður um almannaréttinn og hversu veik löggjöfin væri og margt sem orkaði tvímælis. Fulltrúar SAF lögðu áherslu á mikilvægi þess að reglur væru skýrar og hvort búast mætti við að stórum landssvæðum yrði lokað á ferðamenn í framtíðinni. Ráðherra sagðist vilja styrkja almannaréttinn og gera ráð fyrir frumvarpi um málið á næsta þingi. Fulltrúar SAF sögðu ástandið á fjölsóttum ferðamannastöðum oft mjög slæmt og lögðu fram myndir af glerhálum göngustígnum á Geysi, þar sem ferðamenn þurfa helst mannbrodda, svo og göngustíg á Þingvöllum eftir rigningu þar sem ferðamenn þurfa að ganga utan stígs vegna drullu.



MENNTA- OG FRÆÐSLUMÁL

Almennt

Í stefnu SAF er kveðið á um nauðsyn þess að bæta arðsemi og samkeppnishæfi fyrirtækja í ferðaþjónustu og hafa áhrif á gildismat og viðhorf stjórnenda og starfsfólks til menntunar, símenntunar og þjálfunar. Mjög mikilvægt er því að fyrirtæki móti sér símenntunar- og fræðlustefnu í starfsemi sinni. Það er jafnframt markmið samtakanna að efla ímynd ferðaþjónustu sem áhugaverðs starfsvettvangs í þeim tilgangi að laða fleiri hæfileikaríka og metnaðarfulla einstaklinga til starfa í greininni. Það er því mjög mikilvægt verkefni að sjá til þess að sú menntun sem snýr að ferðaþjónustunni, hvort heldur er á fullorðinsfræðlustigi, framhaldsskólastigi, háskólastigi eða í sérskólum, sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Það skiptir máli að atvinnulífið sé með skýra stefnu hvað þetta varðar. SAF eiga víða fulltrúa í nefndum og ráðum í menntakerfinu, og er það liður í stefnu samtakanna að skerpa forystuhlutverk SAF í fræðslumálum og að samtökin séu virkur þátttakandi í samstarfi við stjórnvöld og fræðlustofnanir, í umræðu, stefnumörkun og þróun menntunar, símenntunar og þjálfunar í ferðaþjónustu.

Starfsþjálfunarhandbókin Skotta tilbúin

Starfsþjálfunarhandbókin Skotta, sem unnin var í samstarfi SAF, Mímis símenntunar og IÐUNNAR fræðsluseturs, er nú tilbúin. Um er að ræða starfsþjálfunarefni en að þjálfun lokinni getur nemandi framvísað þessari verkþjálfunarbók sem vitnisburði um þjálfun sína og kunnáttu hvort heldur sem er á vinnumarkaði eða í skóla.

Rafrænu farnámi (Mobile learning) lauk í mars

Samstarfsverkefni SAF, SVÞ, Eflingar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og starfsmenntasjóðanna Starfsafls, Landsmenntar og SVS um enskukennslu í farsímum í samstarfi við fyrirtækið BEST í Austurríki og Kynnisferðir lauk með tilraunakennslu og málþingi í lok mars. Mjög mikil ánægja var með námið og var það mat þátttakenda að nám af þessu tagi hentaði einkar vel í ferðaþjónustu þar sem hægt er að læra hvenær sem er og hvar sem er.

Könnun SAF um almenn störf í ferðaþjónustu.

SAF höfðu forgöngu um að láta vinna könnun um almenn störf í ferðaþjónustu. Könnunin var unnin af Maskínu ehf. og var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Þessi rannsókn er liður í tilraunaverkefni í



Bilstjórar hjá Kynnisferðum við enskunám í farsímum.

ferðaþjónustu sem stýrt var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við SAF og SGS og var ætlað að renna frekari stoðum undir tilraunaverkefni um heildstætt nám í ferðaþjónustu. Rannsóknin var þrjúþætt; fjarumræðuborð, spurningakönnun og djúpvíðtöl. Fjórar starfsgreinar innan ferðaþjónustu voru einkum skoðaðar 1. Móttaka 2. Veitingasalur 3. Eldhús 4. Þvottar og þrif. Úr niðurstöðum könnunarinnar má greina ýmsar gagnlegar upplýsingar sem nýttust vel í starfshópi tilraunaverkefnisins og staðfestu jafnframt í stórum dráttum þá greiningu sem þar hafði farið fram þ.e. hvaða störf eru unnin af almennum starfsmönnum og hvaða færni þarf til að sinna þeim. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi í lok nóvember 2012. Hægt er að nálgast niðurstöðurnar á heimasíðu samtakanna undir liðnum fræðslumál.

Tillaga starfshóps í tilraunaverkefni um heildstætt nám í ferðaþjónustu

Vinna við tilraunaverkefnið hófst í janúar 2011 með það að markmiði að teikna upp heildstætt nám í ferðaþjónustu. Tilgangur verkefnisins er að greina hvaða störf í ofangreindri grein ferðaþjónustunnar eru unnin af almennum starfsmönnum og hvaða færni þarf til að sinna þeim. Markmiðið er að til verði lýsingar á færni-kröfum þessara starfa svo beita megi raunfærnimati og byggja upp nám til að styrkja núverandi starfsmenn og undirbúa nýja. Slíkt nám þarf að uppfylla skilyrði laga um tengingu við viðmiðaramma um menntun og opna fyrirfram skilgreindar leiðir að frekari menntun. Sérstakur starfshópur sem í áttu sæti fulltrúi SAF, SGS,

FA, MK og Starfsgreinaráðs matvæla, veitinga- og ferðapjónustugreina lagði fram tillögu að námshönnun í marsbyrjun 2013 byggða á færnigreiningu FA og rannsókn Maskínu sem fjallað er um hér að ofan. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir „módúlaskiptu“ námi á skilgreindu þrepi með skýrar tengingar við atvinnulíf og framhaldsskóla. Hægt er að nálgast tillögur starfshópsins á heimasíðu samtakanna undir liðnum fræðslumál.

Tvö ný samstarfsverkefni

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti SAF ásamt SGS, FA, MK og FB tvo styrki til eflingar starfsmenntunar í atvinnulífínu og tengingar milli framhaldsfræðslunnar og framhaldsskólans. Tillögur starfshóps um heildstætt nám í ferðapjónustu verða lagðar til grundvallar í þeirri vinnu. Annars vegar verður nám í ferðapjónustu endurskoðað og þróað innan framhaldsfræðslu og hins vegar er stefnt að því að þróa starfsnámsbraut í ferðapjónustu á 1. og 2. þrepi. Áætlað er að vinnu við þessi tvö verkefni ljúki í byrjun júní 2013.



Frá undirritun samstarfssamnings, f.v. Margrét Friðriksdóttir, skóla-meistari MK, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir FB, María Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi SAF, og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA.

Þjónustunámskeið

SAF stóðu fyrir þjónustunámskeiðinu „Leiðin að hjarta gestsins“ í samstarfi við fyrirtækið Gerum betur, Ferðapjónustu bænda og símenntunarmiðstöðvar um land allt sl. vor. Haldin voru 10 námskeið í flestum landslutum og þóttu námskeiðin, sem voru vel sótt, takast afar vel.



Starfshópur um heildstætt nám í ferðapjónustu; fulltrúa frá FA, SAF, SGS, Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina auk fulltrúa MK.



Starfsfólk Hótel Geysis á þjónustunámskeiðinu.



Tillögur starfshóps kynntar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Leiðsögunám á Akureyri

Á félagsfundi SAF, sem haldinn var á Akureyri sl. vor, komu fram óskir um að heildstæðu leiðsögunámi yrði komið á fyrir norðan m.a. vegna mikillar eftirspurnar eftir menntuðum leiðsögumönnum í kjölfar fjölgunar ferðamanna til landsins. Samtök ferðapjónustunnar ákváðu að bregðast við því í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri og Leiðsöguskólann í MK og verður nú boðið upp á leiðsögunám næsta haust 2013. Leiðsögunámið er víðfeðmt og fjölbreytt. Fjallað er um jarðfræði Íslands, sögu og menningu, gróður, dýralíf, atvinnuvegi og íslenskt samfélag, bókmenntir og listir. Nemendur fá fræðslu um helstu ferðamannastaði á Íslandi, ferðamannaleiðir, náttúruvernd, umhverfismál og leiðsögutækni.



Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærilegt nám og þurfa nemendur að standast munnlegt inntökupróf, sem haldið verður í byrjun júní, á því tungumáli sem þeir hyggjast leiðsegja á. Kennt verður þrjú kvöld í viku auk þess verða farnar vettvangs- og æfingaferðir. Umsóknafrestur er til 31. maí.

Stjórnendanámskeið SAF í samstarfi við Opna háskólann

Undanfarin ár hafa SAF boðið upp á hagnýtt stjórnendanám í samstarfi við Opna háskólann í Reykjavík. Síðastliðið ár var námið endurskoðað og ákveðið að bjóða upp á einstök hagnýt námskeið. Reynslumiklir aðilar úr ferðaþjónustu voru fengnir sem leiðbeinendur á nám-



Frá námskeiði í samningatækni í Opna háskólanum haustið 2012.

skeiðunum og mæltist það mjög vel fyrir. Boðið var upp á þrjú námskeið á haustönn; árangursrik viðskipti á netinu, fjármál og áætlanagerð í ferðaþjónustu og markvisst markaðsstarf. Í apríl verður síðan boðið upp á námskeið um starfsmannaráðningar.

Fyrirtækin eru öflugir námsstaðir

Í nýlegri menntakönnun SA og aðildarféлага þeirra kom fram að rúmlega 6 af hverjum 10 fyrirtækjum eru með markvissa þjálfun eða kennslu fyrir starfsfólk sitt. Hlutfall fyrirtækja, sem bjóða starfsfólki upp á markvissa þjálfun eða kennslu, hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum. Í fyrri könnunum, sem aðeins tóku til fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins, var hlutfallið tæplega 46% árið 2004, rúmlega 50% árið 2011 og er nú 61% í könnun sem tekur til allra aðildarfyrirtækja SA. Fyrirtæki standa þannig fyrir mikilvægri starfsmenntun í samfélaginu.



Frá undirritun samstarfssamnings hjá Iceland Excursions um fræðslustjóraverkefnið.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggir á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til. Fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa nýtt sér þennan valkost í auknum mæli til að meta og útfæra fræðsluáætlun sem sérniðin er að þörfum fyrirtækisins.

Um 800 manns hafa lokið Færni í ferðaþjónustu I og II

Um síðastliðin áramót höfðu um 800 neman lokið námi í Færni í ferðaþjónustu sem SAF og SGS höfðu forgöngu um að láta vinna í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námið hefur notið mikilla vinsælda hjá ungum atvinnuleitendum undanfarið. Atvinnurekendur hafa verið hvattir til að ráða frekar fólk til starfa, sem lokið hefur þessu námi, og jafnframt að bjóða upp á námið fyrir þá sem þegar eru starfandi í greininni. Námið er í boði hjá Mími og símenntunarmiðstöðvum í kringum landið og er styrkt um 75% af starfsmenntasjóðunum. Verið er að aðlaga námið fyrir innflytjendur en markmið verkefnisins er að auka menntun og færni þess stóra hóps innflytjenda sem starfar í ferðaþjónustu hérlandis.

Dagur menntunar í ferðaþjónustu

Mikið fjölmenni sótti ráðstefnu SAF á Degi menntunar í ferðaþjónustu sem haldinn var í sjötta sinn á Hótel Reykjavík Natura þann 1. febrúar sl. Um eitt hundrað og þrjátíu manns sóttu ráðstefnuna og var



Frá Degi menntunar í ferðapjónustu 2013.

góður rómur gerður að henni. Fjöldi áhugaverðra erinda var fluttur og í lok ráðstefnunnar afhenti Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, starfsmenntaviðurkenningu SAF. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að vekja athygli á mikilvægi fræðslu og símenntunar í greininni. Starfsmenntasjóðirnir Starfsafl, Landsmennt og SVS ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu styrktu ráðstefnuna en auk þess var starfsmenntasjóðum og öllum helstu fræðsluaðilum í ferðapjónustu boðið að kynna starfsemi sína á ráðstefnunni.

Starfsmenntaviðurkenning SAF

Fríhöfnin hlaut Starfsmenntaviðurkenningu SAF 2013 sem var afhent á Degi menntunar í ferðapjónustu þann 1. febrúar sl. Í dómnefnd áttu sæti María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF, Ólafur Jónsson, sviðsstjóri matvæla- og veitingasviðs Iðunnar, og Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í umsögn dómnefndar segir að markviss stefna í símenntun hafi verið hluti af starf-



Frá afhendingu starfsmannaviðurkenningar SAF, f.h.: Ásta Dís Óladóttir, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Sigríður Baldursdóttir, Berglind Karlsdóttir, Edda Halldórsdóttir, Sóley Ragnarsdóttir, Guðbjörg Magnúsdóttir, Árni Gunnarsson, formaður SAF og María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF.

semi Fríhafnarinnar sl. 10 ár og að mikill metnaður ein-kenni fræðslustarfið sem síðan skili fyrirtækinu ákveðnu samkeppnisforskoti.

Ráðgjöf til félagsmanna

Fræðslufulltrúi SAF hefur markviss unnið að ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga innan SAF á sviði mennta- og fræðslumála bæði hvað varðar leiðbeiningar um námsframboð og möguleika á styrkjum til náms. Fræðslufulltrúi SAF hefur haft milligöngu um að koma á námskeiðum samkvæmt óskum félagsmanna. Jafnframt er upplýsingum um hvers kyns sí- og endurmenntun komið reglulega á framfæri á heimasíðu samtakanna og í fréttabréfum SAF. Liður í ráðgjöf og kynningu á sviði fræðslumála eru fyrirtækjaheimsóknir m.a. með starfsmenntasjóðnum STARFS AFLI en upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF hefur átt þar sæti í 7 ár. Margir stjórnarfundir hafa verið haldnir í fyrirtækjum þar sem kynntir hafa verið möguleikar á styrkjum frá sjóðunum, vegna námskeiðahalds auk kynningar á samstarfsverkefni fræðslusjóðanna “Fræðlustjóri að láni”. Þá hefur talsverð vinna verið lögð í að einfalda og samræma vinnureglur og umsóknarferli til starfsmenntasjóðanna vegna námskeiðahalds með sameiginlegu umsóknareyðublaði fyrir fyrirtæki á heimasíðu SAF.

Samantekt á námsframboði

Vor og haust hafa SAF unnið samantekt á helsta námsframboði fræðsluaðila og sent félagsmönnum í fréttabréfi, auk þess sem slíkar upplýsingar eru félagsmönnum aðgengilegar á heimasíðu samtakanna. Sérstakur bæklingur var unninn með samantekt um námsframboð og möguleika á styrkjum fyrir Dag menntunar í ferðapjónustu 1. febrúar sl.



Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR fræðsluseturs

Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR er sam starfsvettvangur fyrirtækja og starfsmanna á sviði hótél- og matvælagreina. Aðild að matvæla- og veitingasviði eiga SAF, Samtök iðnaðarins (SI) og MATVÍS. Hlutverk og megintilgangur matvæla- og veitingasviðs er að stuðla að bættri menntun og hæfni starfsmanna í hótél- og matvælagreinum og vinna að auknum gæðum og framleiðni fyrirtækjanna sem leiðir til betri samkeppnisstöðu þeirra og bættra lífskjara. Í stjórn matvæla- og veitingasviðs sitja samtals fjórir fulltrúar, tveir frá MATVÍS, einn frá SAF og einn frá SI. Starfsemi matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR er m.a. fjármögnuð með endurmenntunargjaldi sem kveðið er á um í kjarasamningi og sértekjum. Félagsmenn matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR fá verulegan afslátt af námskeiðum á vegum sviðsins og Sæmundar fróða. Námskeið fara ýmist fram í Hótél- og matvælaáskólanum eða úti á vinnustöðum. Forsvarsmenn fyrirtækja eru í auknum mæli að óska eftir námskeiðum og fræðslu sem verði sniðin sérstaklega fyrir þeirra fyrirtæki en það samstarf hefur gefist vel. Reglur um endurgreiðslur og styrki til félagsmanna er að finna á heimasíðu matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR, www.idan.is. Sviðið aðstoðar fyrirtækin einnig að afla styrkja fyrir starfsmenn sem eiga aðild að öðrum starfsmenntasjóðum.

Vinnustaðanámssjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr Vinnustaðanámssjóðnum til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011. Vorið 2013 er úthlutað í fjórða skiptið. Ánægjulegt er hversu margir forsvarsmenn fyrirtækja í matvæla- og veitingagreinum hafa nýtt þetta framtak mennta- og menningarmálaráðuneytisins en í vor var samtals sótt um fyrir um 77% nema sem eru á námssamningi í greininum. Samtök ferðaþjónustunnar höfðu í fjölda- mörög ár lagt áherslu á að þessi sjóður yrði settur á laggirnar.

Fjölgun nemaleyfa

Veitingamenn innan SAF hafa í langan tíma rætt um möguleika á að fá heimild til að fjölga nemum í matreiðslu og hefur nú fengist samþykki allra hlutaðeigandi fyrir því. Komist var að samkomulagi um þau skilyrði sem veitingastaðir þurfa að uppfylla til þess að fá aukna heimild. Þetta er fagnaðarefni enda mikil þörf á að fjölga matreiðslumönnum með síauknum fjölda veit-

ingastaða. Ekki hefur verið gengið frá slíkri heimild vegna framreiðslunnar en um leið og þörf reynist fyrir hana verður það gert.

Starfslýsingar og hæfnikröfur í matvæla-veitinga- og ferðaþjónustugreinum

Starfsgreinaráð matvæla- veitinga- og ferðaþjónustugreina hafa unnið nýjar starfslýsingar og hæfnikröfur fyrir samtals 10 námsleiðir s.s. matreiðslu, fyrir matartækna, matsveina, bakara, í framreiðslu, fyrir kjötið, kjötskurð, mjólkurið, ferðafræði og leiðsögunám. Verkefnið var unnið í samstarfi við fagráð í viðkomandi greinum.

ERLEND SAMSKIPTI

Nordisk Besöksnäring

Samtök ferðaþjónustunnar eiga aðild að „Nordisk besöksnäring“ og er árlegt þing forystufólks haldið til skiptis í löndunum fimm og var það haldið í Hörpu í Reykjavík árið 2012. Rætt er jafnan um sameiginleg hagsmunamál landanna, skipst á upplýsingum og hlustað á góða fyrirlestra. Fulltrúar SAF á fundinum voru Ólafur Þorgeirsson, Hótél Borg, Frode Jansson, Radisson 1919, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF og Gunnar Valur Sveinsson, verkefnisstjóri SAF. Tveir íslenskir fyrirlesarar töluðu; Már Guðmundsson seðlabankastjóri ræddi stöðu efnahagsmála á Íslandi og Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður Íslandsstofu, ræddi um Inspired by Iceland og sýndi myndbönd frá heimsóknum til Íslendinga í haust og litla eldhúsinu og vöktu myndböndin mikla hrifningu gesta. Norðmenn kynntu nýjan bókunarvef BookNorway sem þeir hafa unnið að í mörg ár og vilja kynna hinum Norðurlöndunum. Kent Nyström, formaður HOTREC hótelsamtakanna í Evrópu, ræddi helstu verkefni samtakanna. Hæst ber nú umræða um markaðsmál og dreifileiðir, ekki síst dreifingarkostnað sem er orðinn óhóflegur að sögn hótelmanna. Hótelflokkunarkerfið Hotelstars Union er mikið til umræðu nú og framtíð þess. Norðmenn ræddu hugmyndir um hausagjald á farþega skemmtiferðaskipa sem þeir sögðu á borði norræna ráðsins en aðrar þjóðir höfðu ekki heyrt um. Hópurinn fór í ferðalag um Suðurland í lok dvalar og var fólk mjög ánæggt með mat og þjónustu á Íslandi.

„Nordisk besöksnäring“ eru samtök sem hafa verið starfandi í áratugi og átti SVG aðild að þeim frá stofnun, 1945. Samtökin eru að uppistöðu samtök hótela og veitingastaða en hafa síðustu árin bætt við sig afþreyingarfyrirtækjum, skemmtigörðum o.fl. og láta ferðamál sífellt meir til sín taka. Það þótti því rétt, fyrir nokkrum árum, að breyta nafni samtakanna úr „Nordisk hotel- og restaurantforbund“ í „Nordisk besöksnäring“.

Norræna nemaleppnin

Íslenskir matreiðslu- og framreiðslunemar taka þátt í norrænni nemaleppni árlega en SAF og MATVÍS bera kostnað vegna þátttökunnar og ábyrgð á framkvæmd keppinnar hér á landi. Keppnin er haldin til skiptis í löndunum fimm og var keppnin 2012 haldin í Perho í Helsinki dagana 20. – 21. apríl sl. Íslensku keppendurnir voru þau Kristófer Hamilton Lord og Viktor Már Snorrason nemar í matreiðslu á Fiskfélaginu. Þjálfari nemanna var Kjartan M. Kjartansson. Í framreiðslu kepptu þær Elín Bogga Þrastardóttir, nemi á VOX, og Eydís Rut Ómarsdóttir, nemi á Fiskfélaginu. Þjálfari nemanna í framreiðslu var Stefanía Höskuldadóttir. Keppnin stendur yfir í tvo daga. Í matreiðslu skipuleggja nemarnir matseðil og elda samkvæmt honum tvo rétti fyrri daginn og fjóra rétti seinni daginn. Í framreiðslu er keppt í borðlagningu,



Frá fundi SAF með Nordisk Besöksnäring í Hörpu.



Frá heimsókn Nordisk transport til SAF.



Frá norrænu nemaleppninni 2012.

ýmis mál sem snerta hagsmuni hópþreifreiðafyrirtækja. Forsvarsmenn samtakanna hafa haldið tvo fundi á ári og skiptast löndin á að halda þá. Fundirnir á liðnu starfsári voru hér á Íslandi í ágúst og í Danmörku í byrjun febrúar. Á þessu fundum er skipst á stöðu mála í viðkomandi löndum hvað varðar stjórnarfar, efnahag og löggjöf um starfsumhverfi hópþreifreiða. Sameiginlegir hagsmunir eru mjög miklir og sameiginlegur þrýstingur er nýttur til að kom sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld landanna og Evrópusambandsins. Vetrarfundirnir eru nú einnig sóttir af samtökum hópþreifreiðafyrirtækja í þýskumælandi löndum.

Nordisk Transport

SAF hafa átt í samskiptum við systursamtök sín á sviði hópþreifreiðafyrirtækja á Norðurlöndum og Eistlandi og hefur verið leitað til þeirra um upplýsingar er varða



INNRA SKIPULAG

Stjórn

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar á aðalfundi 2012. Formaður er kosinn til 2 ára en meðstjórnendur eru kosnir til eins árs skv. lögum SAF:

Árni Gunnarsson formaður, Flugfélag Íslands
Bergþór Karlsson, Bílaleiga Akureyrar
Elín Árnadóttir, Isavia

Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn
Ingólfur Haraldsson, Hilton Reykjavík Nordica
Rannveig Grétarsdóttir, Elding

Þórir Garðarsson, Allrahanda

12 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu og eru þeir jafnan haldnir á skrifstofu SAF.

Fagnefndir

Á aðalfundi 2012 héldu fagnefndir SAF fundi í upphafi aðalfundar og mættu 170 manns á fundina en fjölbreyttar dagskrár voru hjá öllum hópum. Skv. lögum Samtaka ferðaþjónustunnar eru 7 fagnefndir starfandi og eru þær kosnar á fundum faghópanna á aðalfundi. Í hverri fagnefnd eru 5 fulltrúar og fjalla þær um hagsmunamál sinnar greinar. Í gildi eru reglur um starfsemi fagnefndanna. Eftirtaldir voru kosnir í fagnefndir á aðalfundi 2012, en hver nefnd kys sér formann:

Afþreyingarnefnd

Edda Sólveig Gísladóttir, Bláa lónið - formaður til ágúst 2012 (hætti í greininni)

Eva María Þórarinsdóttir, Pink Iceland, formaður frá ágúst 2012

Steinunn Guðbjörnsdóttir, Íshestar

Torfi G. Yngvason, Arctic Adventures

Vignir Sigursveinsson, Elding

Bílaleigunefnd

Bergþór Karlsson, Höldur – formaður

Hendrik Berndsen, Hertz

Margeir Vilhjálmsson, Bílaleigan Geysir

Sigurður Gunnarsson, Route 1

Þorsteinn Þorgeirsson, AVIS

Ferðaskrifstofunefnd

Unnur Svavarsdóttir, GoNorth - formaður

Anna Katrín Hreinsdóttir, Ferðaskrifstofa

Harðar Erlingssonar

Elín Sigurðardóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn

Þorsteinn Guðjónsson, Ferðaskrifstofa Íslands

Þráinn Vigfússon, Iceland Travel.

Flugnefnd

Hörður Guðmundsson, Flugfélagið Ernir, - formaður
Lárus Atlason, Air Atlanta

Einar Björnsson, Flugfélag Íslands

Hilmar Baldursson Icelandair

Leifur Hallgrímsson Mýflug

Gististaðanefnd

Steinþór Jónsson, Hótel Keflavík - formaður

Auður Ingólfssdóttir, Hótel Hérað

Frode Janson, Radisson Blu 1919

Markús Einarsson, Bandalag íslenskra farfugla

Snorri Valsson, Hótel Holt

Hópbifreiðanefnd

Rúnar Garðarsson, Allrahanda - formaður

Agnar Daniélfsson, Kynniferðir

Finnbogi Ómarsson, SBA

Haraldur Teitsson, Teitur hópferðir

Sigurður Reynisson, Hópbifreiðar Reynis Jóhannssonar

Veitinganefnd

Hörður Sigurjónsson, Radisson Blu Hótel Saga, - formaður

Bjarki Hilmarsson, Hótel Geysir

Brynhildur Kristjánsdóttir, Vítinn

Friðgeir Ingi Eiríksson, Hótel Holt

Hlynur Jakobsson, Hornið

Umhverfisnefnd SAF (skipuð af stjórn SAF)

Einar Torfi Finnsson, Íslenskir fjallaleiðsögumenn - formaður

Ásta Kristín Þorsteinsdóttir, Farfuglum

Berglind Víktorsdóttir, Ferðaþjónusta bænda

Páll Gíslason, Fannborg

Rannveig Grétarsdóttir, Elding

Markaðsráð SAF (skipað af stjórn SAF)

Sævar Skaptason, formaður, Ferðaþjónusta bænda

Guðmundur Óskarsson, Icelandair

Marín Magnúsdóttir, Practical

Þórir Garðarsson, Allrahanda

Kjörnefnd fyrir aðalfund 2013

Lára B. Pétursdóttir, Congress Reykjavík

Ólafur Torfason, Reykjavíkurhótel

Þorsteinn Guðjónsson, Ferðaskrifstofa Íslands

Fulltrúar SAF í nefndum og ráðum:

Samtök atvinnulífsins:

Stjórn SA:

Árni Gunnarsson

Grímur Sæmundsen

Fulltrúaráð SA:

Áslaug Alfreðsdóttir
Birkir Hólm Guðnason
Björn Óli Hauksson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Lára B. Pétursdóttir
Magnea Hjálmarsdóttir
Ólafur Torfason
Rannveig Grétarsdóttir
Steingrímur Birgisson
Sævar Skaptason

Stjórn ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ

Sævar Skaptason
Varafulltrúi
Árni Gunnarsson

Ferðamálaráð:

Anna G. Sverrisdóttir
Helgi Már Björgvinsson
Sævar Skaptason

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Anna G. Sverrisdóttir
Sævar Skaptason
Varafulltrúar
Gunnar Valur Sveinsson
Unnur Svavarsdóttir

Flugráð

Lárus Atlason
Varafulltrúi
Hörður Guðmundsson

Nefnd iðnaðarráðherra um endurskoðun laga um skipan ferðamála

Gunnar Valur Sveinsson

Stýrihópur VAKANS

Erna Hauksdóttir

Úrskurðarnefnd v/VAKANS

Sigríður Ingvarsdóttir, Park Inn

Starfshópur fjármálaráðherra v/leyfislausra gististaða

Kristófer Oliverson

Stjórn Iðunnar, fræðslumiðstöðvar

Ingólfur Haraldsson

Matvæla- og veitingasvið Iðunnar

Trausti Víglundsson
varamaður: Ingólfur Haraldsson

Sveinsprófsnefnd í framreiðslu

Ólafur Örn Ólafsson
varamaður: Sólborg Steinþórsdóttir

Sveinsprófsnefnd í matreiðslu

Jakob Magnússon
varamaður: Friðgeir Ingi Eiríksson

Nemaleyfis- og fagnefnd í framreiðslu

Ingólfur Haraldsson

Nemaleyfis- og fagnefnd í matreiðslu

Bjarni Óli Haraldsson

Starfsgreinaráð í matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum

Trausti Víglundsson
María Guðmundsdóttir
Varafulltrúar:
Hildur Jónsdóttir
Ingólfur Haraldsson

Stjórn Starfsafls

María Guðmundsdóttir

Menntanefnd SA

María Guðmundsdóttir

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

María Guðmundsdóttir

Vinnustaðanámssjóður

María Guðmundsdóttir, varamaður

Fagráð ferðaþjónustunnar

María Guðmundsdóttir

Fagráð Opna háskólans í HR

María Guðmundsdóttir

Rannsóknarmiðstöð ferðamála

Bjarnheiður Hallsdóttir

Samstarfsráð flutningamála

Gunnar Valur Sveinsson

Stýrihópur og dómnefnd um Bláfánann

Erna Hauksdóttir

Nefnd um vernd og veiðar á sjávarspendýrum

Vignir Sigursveinsson



AÐALFUNDUR SAF 2013



Árni Gunnarsson, formaður SAF.



Frá aðalfundi 2012.

Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar var haldinn 22. mars á Hilton Reykjavík Nordica en um 250 manns sóttu fundinn. Aðalumræðuefni fundarins var markaðssetning og umfjöllun um þolmörk ferðamannaþaða yfir sumartímann. Árni Gunnarsson, formaður SAF, kom víða við í erindi sínu og fjallaði m.a. um að vöxtur og velgengni einkenndu ferðapjónustuna um þessar mundir. Árni sagði að áætla mætti að gjaldeyriskjör hefðu numið yfir 180 milljörðum króna á síðasta ári og beinar skatttekjur ríkisins af fjölgun ferðamanna hefðu numið 2 milljörðum króna. Þá greindi Árni frá verkefninu Ísland allt árið. Oddný G. Harðardóttir, ráðherra ferðamála, fjallaði um að Samtök ferðapjónustunnar og iðnaðarráðuneytið hefðu náð samkomulagi um að hefja ritun á sögu ferðapjónustunnar og að stefnt væri að útgáfu innan þriggja ára. Oddný fjallaði jafnframt um nýtt frumvarp sem snýr að öryggi ferðamanna og að Ferðamálastofa fengi það verkefni að leiðbeina við gerð öryggisáætlana. Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði HÍ, fjallaði um hina ýmsu þætti þolmarka ferðamennsku og hvaða hættumerki eru uppi, auk þess sem hún benti á hvernig byggja mætti stefnumótun í rannsóknum á þolmörkum ferðamennsku. Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðapjónustu bænda, fjallaði m.a. um hvort ekki væri rétt að farþegar skemmtiferðaskipa greiddu gjald til umhverfismála á Íslandi. Sævar sagði jafnframt að gistináttagjald í Framkvæmdasjóð ferðamannaþað ásamt framlögum Ferðamálastofu til úrbóta í umhverfismálum, samtals um 150 milljón króna, hrykkju hvergi nærri til svo hlúa megi að auðlindinni sem drægi fólk til landsins. Gunnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóri Atlantik, fjallaði um að með meiri dreifingu yfir árið, yfir daginn og um landið gætum við boðið milljón ferðamenn velkomna til landsins. Atlantik sérhæfir sig í móttöku

skemmtiferðaskipa, skipulagningu hvataferða og ráðstefnuskipulagningu og kvað Gunnar Rafn fjölda gesta oft vera nærri þolmörkum, t.d. í Reykjavík svo ekki væri talað um smærri staði. Ástandið kallaði á betra skipulag, fjárfestingu í innviðum ferðapjónustunnar, þ.e. aðstöðu, tækjum, búnaði, aukinni menntun og markvissari upplýsingagjöf. Hið sama ætti við um marga aðra vinsæla áfangastaði á landinu. Þá fór fram verðlaunaafhending Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála með fulltingi Samtaka ferðapjónustunnar, en 100.000 króna verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Það var BS ritgerð Margrétar Hólm Valsdóttur við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri sem hlaut verðlaunin að þessu sinni. Ritgerð Margrétar fjallar um hvað Mývetningum finnst um ferðapjónustu.

ÁLYKTARNIR AÐALFUNDAR

Ályktun aðalfundar SAF 2012

Ferðapjónustan styrkir enn stöðu sína sem ein af þremur stöðum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og nú með auknum ferðamannastraumi yfir vetrartímann. Fagnað er markverðum árangri þeirra markaðsherferða sem fyrirtækin í ferðapjónustunni og opinberir aðilar hafa sameinast um s.s. Inspired by Iceland 2010 og ÍSLAND ALLT ÁRIÐ sem hófst á haustdögum 2011. Það er þó ljóst að nauðsynlegt er að styrkja innviði og stoðkerfi greinarinnar á sama tíma og er þá helst horft til samgöngumála og eflingu rannsókna í greininni. Kallað er eftir meiri aga í stjórnsýslunni en samtökin hafa á starfsárinu sýnt fram á griðarlegt framboð af

leyfislausum fyrirtækjum sem stjórnýslan virðist annaðhvort áhugalaus um eða vanhæf að fylgja eigin lögum og reglum. Athafnaleysi stjórnvalda í þeim málum hvetur til svartrar atvinnustarfsemi sem samtökin fordæma. Nú, þremur og hálfu ári eftir hrun, er enn óleystur skuldavandi fjölmargra fyrirtækja. Það er mikið verk framundan að auka hagvöxt með arðbærum fjárfestingum og auknum atvinnutækifærum en blómlegt atvinnulíf um allt land skiptir ferðapjónustuna miklu máli.

Þá eru samkeppnishæfir vextir og afnám gjaldeyrishafta aðkallandi auk þess sem tryggja þarf að óhóflegir skattar og gjaldtaka opinberra fyrirtækja dragi ekki kraftinn úr fyrirtækjunum. Atvinnulífið þarf á stöðugleika að halda og hafna sífelldum breytingum á rekstrarumhverfinu.

Ályktun frá fundi afþreyingarfyrirtækjanna

Aðalfundur SAF vekur athygli á að veiðar á hrefnum undanfarin ár stefna hröðum skrefum í það að eyðileggja hrefnusýningar á Faxaflóa. Allt frá árinu 2003 hafa stjórnvöld hundsáð beiðni stjórnar SAF um stækkun friðarsvæða við Ísland. Fundurinn skorar á Steingrím Sigfússon að endurskoða beiðni stjórnar um stækkun friðarsvæða hvalaskoðunar.

Ályktun veitingamanna til stjórnar SAF

Veitinganefnd skorar á skatta-, samkeppnis- og heilbrigðisyfirvöld að gefa út skýrar reglur og sinna eftirliti á útleigu á húsnæði í eigu opinberra aðila til veisluhalda á landinu öllu.

Ályktun frá fundi ferðaskrifstofa

Fundur ferðaskrifstofunefndar skorar á stjórn SAF að vinna að því að komið verði á fót sameiginlegri ábyrgðartrygginug (3rd party liability) sem félagsmenn hafi aðgang að. Krafa frá erlendum viðskiptavinum kallar eftir sterkari tryggingum en innlend tryggingafélög hafa boðið. Því er skorað á stjórn að fara í markvissa vinnu sem leiði til tryggingar sem félagsmenn geti gerst hlutaðilar af.

Ályktun frá fundi bílaleiga

Aðalfundur SAF leggur til að allir aðilar sem koma að umferðaröryggismálum, bílaleigur, hópferðaleyfishafar, lögreglan, Vegagerðin, Umferðarstofa, tryggingafélög, Landsbjörg og aðrir aðilar sem hlut eiga að máli vinni betur saman, hittist reglulega og myndi sameiginlegan vettvang til að bæta forvarnir og öryggismál ferðamanna.

1. Aðalfundur SAF kallar eftir auknu eftirliti með rekstri fyrirtækja í ferðapjónustu.
2. Aðalfundur SAF leggur til að álögur á rekstur bifreiða verði lækkaðar til að stuðla að aukinni ferðamennsku á landsbyggðinni og auknu umferðaöryggi.

Ályktun frá fundi gististaðanna á aðalfundi SAF 2012

Fagfundur gististaða skorar á stjórn SAF að beita sér fyrir því við innanríkisráðherra að veitendur starfsleyfa hafi eftirlit með því að ekki starfi aðrir í greininni en þeir sem hafi til þess leyfi. Fundurinn mótmælir framkomnum lögum um gistináttagjald. Ljóst er að



Hlynur Jónsson og Páll Sigurjónsson, Hótel Kea, ásamt Sigríði Ingvarsdóttur, Park Inn Ísland, ræða málin á aðalfundi.



Frá fundi flugnefndar.

framkvæmdin mun verða flókin, illframkvæmanleg með sanngjörnum hætti og býður heim hættu á markaðsmismunum. Fundurinn bendir á vægi tekna ríkissjóðs af erlendum ferðamönnum af áfengisgjaldi, eldsneytisgjaldi og virðisaukaskatti. Þetta eru tekjur sem annars væru ekki til staðar og greiðendur hennar nota sér hvorki mennta- né heilbrigðisferfi. Fundur gististaða á aðalfundi SAF 22. mars á Hilton Nordica skorar á stjórn SAF að beita sér fyrir því við



efnahags- og viðskiptaráðherra að eflid verði söfnun, úrvinnsla og framsetning gagna um gistinætur sem Hagstofan aflar. Mikilvægt er fyrir þróun ferðaþjónustu og fjárfestingaákvæðanir að hafa gögn um gistingu og þróun hennar sem næst í tíma sem mögulegt er. Jafnframt skorar fundurinn á Hagstofu Íslands að vinna náið með óháðum rannsóknaraðilum við frekari greiningu gagnanna til lengri tíma.

FÉLAGSFUNDIR

16. maí 2012 var fundur fyrir þátttakendur í markaðsverkefninu Ísland – allt árið á Grand hótél Reykjavík. Markmið fundarins var að fara yfir verkefni vetrarins, áhrif þeirra og hvað er framundan.

18. maí 2012. Opinn fundur félagsmanna SAF með Vegagerðinni var haldinn að Borgartúni 35, en tveir fundir eru haldnir árlega með Vegagerðinni. Þar eru jafnan ræddar áætlanir Vegagerðarinnar bæði í vegagerð og viðhaldi á vegum.

14. júní 2012. Félagssfundur á Akureyri þar sem efnt var til almennra umræða og óskað eftir skilaboðum til stjórnar. Tveir félagsmenn þeir Sævar Freyr Sigurðsson, Saga Travel, og Stefán Tryggvason, Hotel Natur - Þórisstöðum, voru með stutt innlegg hvor. Margar góðar ábendingar bárust til stjórnar og sköpuðust líflegar umræður á fundinum m.a. um nauðsyn staðbundins leiðsögunáms á svæðinu og gjaldtöku af erlendum ferðamönnum.

27. september 2012 Afþreyingarnefnd SAF stóð fyrir félagssfundum um VAKANN í Borgartúni 35. Áslaug Briem, gæðafulltrúi VAKANS, kynnt starfið og svaraði spurningum fundarmanna.

10. október 2012 var haldinn kynningarfundur fyrir þátttakendur í Ísland – allt árið.

31. október 2012 hélt afþreyingarnefnd SAF fjölmennan félagssfund um markaðsmál á netinu. Á fundinum fór Gunnar Thorberg Sigurðsson, frá markaðsráðgjafafyrirtækinu Kappli, yfir það helsta sem snýr að markaðssetningu á netinu fyrir ferðaþjónustuaðila.

5. nóvember 2012 héldu gististaðanefnd og veitinganefnd SAF árlegan haustfund hótél- og veitingamanna á Hótel Höfn. Fjallað var um stöðuna í skattarmálum, um hótélkerfi framtíðarinnar, um

VAKANN fyrir veitingastaði, nýjustu strauma í hótélrekstri í Evrópu, nýsköpun í ferðaþjónustu á svæðinu, kjötskort og tölfræði. Að loknum fundi var farið í óvissuferð með heimamönnum og snæddur dýrindis kvöldverður og að lokum var dansleikur.

6. nóvember 2012 var ráðstefnan Matvælalandið Ísland haldin af SAF, Bændasamtökum Íslands, Íslandsstofu, Mátis, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins og Þróunarvettvang á sviði matvæla. Á ráðstefnunni töluðu auðlinda- og afurðasérfræðingar um hvernig þróun á nýtingu hráefnis hefur verið á undanförunum árum ásamt möguleikum á útflutningi og ímynd Íslands í þeim efnum. Einnig var farið yfir þróun ferðaþjónustunnar með tilliti til íslenskra matvæla og hvernig hægt yrði að metta aukinn fjölda ferðamanna.

15. nóvember 2012 voru Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar afhent á Grand Hótel Reykjavík. Ferðaskipuleggjendurnir Pink Iceland hlutu verðlaunin að þessu sinni en þetta er í níunda sinn sem samtökin veita verðlaunin. Pink Iceland er ferðaþjónusta sem sérhæfir sig í að þjónusta samkynhneigða ferðalanga sem vilja koma til Íslands.

12. desember 2012 stóð ferðaskrifstofunefnd SAF fyrir vel sóttum súpufundi um markaðsmál og ferðahegðun. Ræðumenn voru Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, og Oddný Þóra Óladóttir, rannsóknastjóri hjá Ferðamálastofu.

14. desember 2012 var haldinn annar af tveimur ársfundum SAF með Vegagerðinni í húsnæði Vegagerðarinnar. Á fundinum fór Hreinn Haraldsson vegamálastjóri yfir framkvæmdir sem framundan eru á næstu misserum. Fulltrúar frá þjónustusviði Vegagerðarinnar fóru yfir vetrarþjónustu, viðhald og voropnanir vegna.

24. janúar 2013 var haldið námskeið um samningatækni í ferðaþjónustu á vegum SAF og Opna háskólans. Fjallað var um hvernig nýta má samningatækni til að ná hagstæðri niðurstöðu í samningaviðræðum við viðskiptavinum og þjónustuaðila og skapa traust fyrir langtíma viðskiptasambönd í ferðaþjónustu.

1. febrúar 2013 var haldinn Dagur menntunar í ferðaþjónustu. Fjölmörg erindi voru haldin að venju og að síðustu afhenti mennta- og menningarmálaráðherra Starfsmennaviðurkenningu SAF.

19. febrúar 2013 var haldinn félagsfundur veitingamanna um stöðu nemamála og samskiptin við MK og Iðuna. Baldur Sæmundsson og Ólafur Jónsson fluttu fyrirlestra og svöruðu fyrirspurnum.

20. febrúar 2013 héldu SAF, Ísland allt árið og Vegagerðin sameiginlegan fund þá á Reykjavík Hilton Nordica þar sem Vegsjá, ný upplýsingaveita Vegagerðarinnar, var kynnt.

8. apríl 2013 var haldinn upplýsinga- og stefnumótunarfundur fyrir þau fyrirtæki sem eru þátttakendur í Ísland – allt árið þennan veturinn

SAMNINGAR SAF – BESTU KJÖR

Samningur við STEF

Samningur er í gildi milli SAF og STEF um samskipti aðila m.a. um að hótél og veitingahús fái afslátt af gjaldskrá.. Samningur þessi hefur verið mjög mikilvægur, ekki síst fyrir krár og aðra skemmtistaði sem greiða há gjöld.

Samningur við VALITOR

Í gildi er samningur milli SAF og VALITOR um bestu kjör fyrir félagsmenn vegna bæði debet- og kreditkorta.

Samningur við Kreditkort h.f.

Í gildi er samningur við Kreditkort h.f. um ábyrgðar- og þjónustugjöldum og gildir það fyrir öll fyrirtæki í SAF.

Samningur við Kortþjónustuna

Í gildi er samkomulag við Kortþjónustuna ehf. um betri kjör félagsmanna SAF.

Samningur við Flugfélag Íslands

Í gildi er samningur milli SAF og Flugfélags Íslands um vildarkjör fyrir félagsmenn SAF. Flugfélagið gefur út flugkort í þessu skyni og sækja félagsmenn um kortið. Flugkort í þessu skyni og sækja félagsmenn um kortið. Það veitir félagsmönnum a.m.k. 20% afslátt af fullu flugverði.



Ritnefnd og rithöfundar Sögu ferðapjónustunnar.

ÝMISLEGT

Saga ferðapjónustunnar

Samtök ferðapjónustunnar tilkynntu á aðalfundi 2012 þá ákvörðun sína að láta skrifa sögu ferðapjónustunnar og hefur nú verið gerður samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um að leggja 5 milljónir króna til verksins. Skrifað var undir samkomulag við Bókaútgáfuna Opnu ehf. 18. desember s.l. en áður gerði Opna ehf. samkomulag við Helgu Guðrúnu Johnson og Sigurveigu Jónsdóttur um að skrifa bókina. Gert er ráð fyrir að bókinn verði 350 bls. í brotinu 230 x 280 mm. og verður hún ríkulega myndskreytt. Útgáfudagur verður í síðasta lagi 1. október 2014 en skrifin hófust í janúar 2013 og er gert ráð fyrir að þau taki eitt ár. Í ritnefnd eiga sæti: Hildur Jónsdóttir Farvegur ehf., formaður nefndarinnar, Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafirði, Guðjón Arngrímsson Icelandair, Helga Haraldsdóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Magnús Oddsson, fyrrv. ferðamálastjóri. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, starfar með nefndinni. SAF og áður SVG hafa látið skrifa viðtöl við fjölda fólks í ferðapjónustu en þau eru á heimasíðu SAF. Það er von allra aðstandenda að bókinn verði fróðleg, lifandi og skemmtileg lesning. Stjórn SAF festi á starfsárinu kaup á miklu gagnasafni, sem Kjartan Lárusson hefur safnað síðustu 40 árin, og hefur því verið komið fyrir í Menntaskólanum í Kópavogi. Gögnin munu fá verðugan sess í bókasafni skólans sem verður fljótlega endurhannað og verður það geymt þar sem eign SAF þangað til safn helgað ferðapjónustunni verður sett á laggirnar í framtíðinni.

Stefnumótun SAF

Haldinn var stefnumótunarfundur 13. september 2012 og tóku þátt stjórn SAF, formenn fagnefnda o.fl. Fyrirtækið Attentus vann með hópnum. Í kjölfarið unnu stjórn og starfsmenn SAF aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Stefnan tók ekki miklum breytingum frá síðastu stefnu en skerpti línur.

Könnun meðal félagsmanna

Capacent gerði á starfsárinu könnun fyrir SAF meðal félagsmanna. Þar var spurt um fjölmargt, þjónustu skrifstofunnar og viðhorf til hinna ýmsu mála m.a. um staðsetningu höfuðstöðva innanlandsflugs. Niðurstöður er hægt að nálgast á skrifstofu SAF en þær voru sendar til félagsmanna.



Kynningarbæklingur um mennta- og fræðslumál

SAF gefa jafnframt út rafrænan kynningarbækling um mennta- og fræðslumál með öllum helstu upplýsingum fyrir fyrirtækin, um nýtt nám í ferðapjónustu, náms- og starfsráðgjöf á vinnustað, upplýsingar varðandi séróskir um námskeið, starfsmenntasjóð, námsframboð, íslenskukennslu fyrir útlendinga ofl. Með þessu móti er auðvelt fyrir félagsmenn að nálgast allar helstu upplýsingar um mennta- og fræðslumál á einum stað.

Rafræn stjórnendahandbók

SAF hafa birt rafræna stjórnendahandbók á heimsíðu samtakanna en markmið þessarar handbókar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórnendur fyrirtækja í ferðapjónustu varðandi faglega starfsmannastjórnun.

Öryggishandbók fyrir veitinga- og gististaði

SAF hafa gefið út öryggis- og forvarnarhandbók fyrir hótél- veitinga- og skemmtistaði. Um er að ræða yfirgripsmikla handbók þar sem fjallað er um áhættugreiningu, forvarnir, viðbrögð við helstu váatburðum sem geta gerst inni í fyrirtækjunum eða haft þar áhrif. Handbókin fæst á skrifstofu SAF.

Staðfesting farþega í afþreyingarferðum

SAF hafa gefið út eyðublað á íslensku, ensku, þýsku og frönsku þar sem farþegar í afþreyingarferðum sta festa ýmsar upplýsingar með undirskrift sinni s.s. að þeir hafi kynnt sér öryggisreglur fyrirtækisins og muni fara að þeim, hafi ökuréttindi vegna vélsleðaferða, séu ekki undir áhrifum áfengis o.fl. Eyðublöðin eru á heimasíðu SAF.

Handklæðaspjöld

Handklæðaspjöld fyrir baðherbergi gististaða (tilmæli um að nota handklæði oftar en einu sinni) eru prentuð á vegum SAF og eru þau seld félagsmönnum á kostnaðarverði. Notkun slíkra spjalda hefur sparað gististöðum mikið fé með minni rafmagnseyðslu, minna þvottaefni og minni vinnu auk þess sem verið er að vernda umhverfið.

Hagtölur SAF

SAF gefa árlega út lítinn handhægan bækling um hagtölur úr ferðapjónustunni og þróun þeirra.

Rafrænt fréttabréf

Skrifstofa SAF sendir félagsmönnum rafrænt fréttabréf þegar koma þarf nauðsynlegum upplýsingum, tilkynningum og umfjöllunum á framfæri. Fréttabréfið er ennfremur sent til fjölmiðla, þingmanna, ráðuneyta o.fl. Á starfsárinu voru send út xx fréttabréf með tölvupósti.

Upplagseftirlit SAF

SAF hafa tekið að sér upplagseftirlit meðal útgáfu-fyrirtækja innan samtakanna en upplagseftirlit var áður framkvæmt af Viðskiptaráði Íslands, sem staðfesti upplagstölur rita undir eftirliti en sú þjónusta var lögð af. Upplagstölur og dreifing er sannreynnd og upplýsingarnar sendar út.

SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK



Erna Hauksdóttir.



Gunnar Valur Sveinsson.



María Guðmundsdóttir.



Marta Ragnarsdóttir.

Skrifstofa SAF er að Borgartúni 35 í Reykjavík og er opin virka daga frá kl.8:30 til 16:30. Helstu verkefni skrifstofunnar er gerð og túlkun kjarasamninga í samvinnu við SA, rekstur hinna ýmsu hagsmunamála gagnvart opinberum aðilum og öðrum, mikið starf að fræðslumálum og umhverfismálum, gæða- og öryggismálum auk upplýsingamála og mikils samstarfs við fjölmiðla. Staðið er fyrir fundum, útgáfu fréttabréfa og alls kyns þjónustu

við félagsmenn. Gerðar eru hagkannanir, ráðgjöf veitt í ýmsum málum og samningar við aðila um bestukjör til handa félagsmönnum o.fl. Geta félagsmenn leitað til skrifstofunnar um flest sín mál.

Framkvæmdastjóri SAF er Erna Hauksdóttir. Aðrir starfsmenn eru Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri, María Guðmundsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi og Marta Ragnarsdóttir sem sér um almennt skrifstofuhald.

ÝMSAR MYNDIR FRÁ FÉLAGSSTARFINU



Starfshópur um gjaldtöku á ferðamannstöðum.



Frá afhendingu Nýsköpunarverðlauna SAF.



Frá félagsfundi SAF á Akureyri.



Viðtöl voru tekin við erlenda ferðaheildsala á Vestnorden í kjölfar fyrirhugaðra hækkana á vsk á gistingu.



Frá félagsfundi um markaðsmál.



Frá stefnumótunarfundi í Krúnesi.



Frá haustfundi hótél- og veitingamanna á Höfn í Hornafirði.



Frá Degi menntunar í ferðaþjónustu.



Frá félagsfundi veitingamanna um nemasamninga.



S A F

www.saf.is